



**Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps í Végarði
26. febrúar 2016 kl. 16:00.**

Fundarmenn:

Eiríkur J. Kjerúlf, formaður

Helga H. Vigfúsdóttir

Jón Þór Þorvarðarson (fjarverandi en í símasambandi)

Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi

1. Kynning á dreifibréfi frá Samb. ísl. sveitarfélaga.

Í bréfinu er fjallað um tillögur að breytingum á regluverki um skipulags- og mannvirkjamál. Gerð er grein fyrir fundi sem haldinn var í ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála þann 6. janúar sl. Þar voru kynntar tillögur að breytingum á skipulagi skipulags- og mannvirkjamála, sem hafa það að markmiði að lækka byggingarkostnað. Farið var yfir efni bréfsins.

2. Dreifibréf frá Umhverfisstofnun frá 15. janúar 2016.

Í bréfinu er gerð grein fyrir að í gildi eru lög og reglugerð um að auglýsingar meðfram vegum. Farið var yfir efni bréfsins. Nefndarmenn töldu að ekki væru brögð að auglýsingum meðfram vegum í hreppnum sem teldist óheimilt að setja upp og því ekki ástæða til að bregðast sérstaklega við vegna þessa erindis.

3. Endurskoðun gjaldskrár um byggingarleyfis- og þjónustugjöld.

Byggingarfulltrúi gerði grein fyrir samanburði á gjaldskrám nokkurra sveitarfélaga á Austurlandi á byggingarleyfis- og þjónustugjöldum.

Oddviti hefur í hyggju að uppfæra gjaldskrá Fljótsdalshrepps og aðlaga hana að þeim breytingum sem orðið hafa á umhverfi byggingar- og skipulagsmála frá síðustu útgáfu gjaldskrárinnar.

Hjálagt með þessari fundargerð er tölulegur samanburður á gjaldaliðum í gjaldskrám þriggja sveitarfélaga þ.e. Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps ásamt útgefnum gjaldsskrám þessara sveitarfélaga.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:30

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf
Helga H. Vigfúsdóttir